

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Lacerta, G.Y 641, er gert upptækt til Landhelgisjórðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1951.

Nr. 77/1950. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn

George W. Thompson (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Landhelgisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjókort stað togdufls þess, er í málinu greinir, og reyndist sá staður vera rúmlega 0,4 sjómílu innan landhelgislínu. Einnig hefur skólastjórinn markað á sjókort stað duflsins samkvæmt miðunum þeim, er ákærði kveðst hafa gert, og var sá staður rúmlega 0,1 sjómílu innan landhelgislínu. Þá hefur og verið lögð fram í Hæstarétti skýrsla Alfreds Smiths, skipstjóra á b/v Tripoli. Kveðst hann hafa verið að veiðum á nefndum slóðum og lagt þar út togdufl um kl. 5 e. h. þann 15. maí 1950. Hafi staður duflsins samkvæmt ratsjarmælingu verið 4.75 sjómílu frá norðurenda Málmeigar og 7.125 sjómílu frá norðurenda Drangeigar. Verjandi ákærða staðhæfði fyrir Hæstarétti, að hér væri um sama dufl að ræða og áður greinir, en í skýrslu skipstjórans hafi misritast 15. maí í stað 14. maí. Friðrik Ólafsson skólastjóri hefur einnig markað stað þenna á sjó-

kort, og reyndist hann vera um 0.4 sjómílu innan landhelgislínu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og þar sem ekkert hefur fram komið, er hnekki greindri staðarákvörðun varðsupsins varðandi togduflið, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að landhelgisveiðum í umrætt skipti, og hefur hann með því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í héraðsdómi, sbr. lög nr. 5/1951, en togarinn er yfir 200 brúttólestir að stærð. Gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur gekk, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, enda komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, George W. Thompson, greiði 74000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 16. maí 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn George W. Thompson, skipstjóra á togaranum Cape Cleveland, H 61, frá Hull, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um

bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, George W. Thompson, er fæddur 13. september 1912, hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt fyrr kæru eða refsingu hér á landi.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 15. maí 1950 var varðskipið Óðinn á eftirlits-siglingu austur með Norðurlandi. Þegar skipið var komið nokkuð austur á Skagafjörð og var nálægt landhelgislinu, sáu yfirmenn þess nokkra togara að veiðum nokkru austar á firðinum. Var nú haldið áfram í sömu stefnu, og þegar kl. var 03.17, sást glögg til skipsins, sem síðar reyndist að vera Cape Cleveland, H 61, frá Hull. Þótti togari þessi grunsamlega nærri landi, og kom varðskipið að honum kl. 03.37. Rétt áður hafði varðskipið stöðvað annan brezkan togara og sett menn um borð í hann, og á meðan á því stóð, sást frá varðskipinu, að byrjað var að kasta togvörpunni á Cape Cleveland og var verið að því, þegar varðskipið kom að honum. Bauja var þarna skammt frá, og virtust togararnir toga í kringum hana. Yfirmenn varðskipsins töldu baujuna vera innan landhelgislinu, og var togarinn Cape Cleveland nokkra tíunduhluta úr mílu innan við baujuna, að því er skipherra varðskipsins hefur borið. Enn fremur hefur skipherrann á varðskipinu, Gunnar Gíslason, borið, að togarinn hafi snúizt töluvert, meðan verið var að kasta út vörpunni, og hafi þeir því ekki komizt að honum strax til að hafa tal af honum og hafi þeir þá notað tímann og endurtekið staðarákvörðunina.

Þegar lokið var að kasta vörpunni á togaranum, togaði hann út á við og var kominn dálítið út fyrir baujuna, þegar varðskipið stöðvaði hann, og álitur skipherrann, að hann hafi þá verið kominn nálægt landhelgislinu, en engin staðarákvörðun var gerð þar.

Togarinn var stöðvaður, strax þegar honum var gefið merki um það, og var varpan þegar dregin inn.

Var nú II. stýrimaður af varðskipinu settur um borð í togarann, og var honum sagt að sigla togaranum að baujunni, er að framan greinir. Síðar var skipstjórinn á togaranum, ákærði í máli þessu, George W. Thompson, sóttur og fluttur um borð í varðskipið, og var honum bent á, að baujan væri innan landhelginnar.

Við baujuna var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Málmey a. k.

> 58° 25'

Drangey v. k.

> 77° 00'

Ketubjarg

Jafnframt var dýpið mælt, og reyndist það vera 107. m.

Staðarákvörðun þessa gerði skipherrann og I. stýrimaður á varðskipinu sameiginlega, og sýnir hún ásamt dýpinu staðinn 0.4 sjómílu innan landhelgislinunnar.

Á Cape Cleveland er radartæki, og tjáði ákærði skipherrann, að hann væri samkvæmt radarmælingum 4,7 sjómílu frá landi, og taldi sig því

utan landhelgi, en fjarlægð þessi var miðuð við Málmei, en landhelgin á þessu svæði er ekki miðuð við hana, heldur Hólmasker, og var honum á það bent, en hann kvaðst ekki hafa séð skerið, enda mun sker þetta vera upp úr aðeins um fjöru. Lygnt var og bjart veður.

Staður baujunnar, er að framan greinir, var markaður inn á sjókort, og hefur það verið lagt fram í réttinum. Þegar skipherra varðschildsins var búinn að hafa tal af ákærða, var hann aftur fluttur um borð í skip sitt og jafnframt var áfram um borð í því II. stýrimaður af varðskipinu, og var síðan siglt til Akureyrar.

Staðarákvörðunina, er að framan er tilgreind, gerðu þeir sameiginlega skipherrann á varðskipinu og I. stýrimaður með sextant, og hafa þeir borið, að þeir hafi endurtekið hana til að fullvissa sig um réttmæti hennar og að þeir hafi fengið sömu niðurstöðu í bæði skiptin. Mörkuðu þeir stað baujunnar á sjókort, og hefur það verið lagt fram í réttinum sem dómsskjal nr. 2. Skilyrði til staðarákvörðunar voru hin beztu. Aðrir af áhöfn varðschildsins tóku ekki þátt í staðarákvörðuninni. Skipherrann og I. stýrimaður á varðskipinu hafa báðir unnið eið að framburði sínum.

Í lögregluréttinum í gær skýrði ákærði svo frá: Hann kom á þær stöðvar, sem hann var tekinn á sunnudagskvöldið 14. þ. m., um kl. 22, og hóf þá þegar veiðar. Hafði fiskibauja verið sett niður á þessum slóðum, og tók hann að toga við hana. Þegar varðskipið kom á vettvang, var tvisvar búið að draga vörpuna inn, og var hann að láta kasta henni í þriðja sinn, þegar varðskipið kom á vettvang.

Ákærði hefur ekki viljað viðurkenna staðarákvörðun yfirmanna varðschildsins og gaf upp í réttinum svohljóðandi staðarákvörðun, sem hann gerði með áttavita, og sagði, að stýrimaður sinn hefði gert hana með sér: Drangey í S.S.V., austurendi Málmeysjar S.A. a S. $\frac{1}{2}$ S. Jafnframt athugaði hann fjarlægðina frá landi, það er frá Málmei, í radar, og reyndist hún 4.75 sjómílar. Taldi hann þetta vera algerlega í samræmi hvað við annað: Dýpið var 59 enskir faðmar. Ákærði setti staðarákvörðun þessa út á sjókorti í réttinum, og sýndi hún staðinn 0.2—0.3 sjómílu utan landhelgislinu. Staðarákvörðunina sagðist ákærði hafa gert þannig, að hann hefði staðið undir áttavitanum og rétt út höndina, þegar skipið stefndi á staðina, sem hann miðaði. Ekki gerði ákærði neina sextantmælingu, enda sagðist hann engan sextant hafa haft. Hann tók hins vegar fram, að vegna radars og annarra nútímataækja, teldi hann ekki þörf á sextant. Ákærði hafði ekki sams konar sjókort og lagt hefur verið fram í réttinum, en hann sagði, að á það væri Hólmasker merkt, og jafnframt hefur hann staðhæft, að honum hafi verið það ljóst, að landhelgin mældist frá því, en hann sagðist ekki hafa getað miðað við það sökum þess, að það hafi ekki sézt.

Ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi verið sannfærður um, að hann hafi ekki verið innan landhelginnar, og hefur í því sambandi bent á, að hann hafi séð, þegar varðskipsmenn fóru um borð í Grimsby-togarann, sem tekinn var á sömu slóðum, og hefði hann þá getað

stímað burtu, en hann hefði verið svo sannfærður í sinni sök, að hann hefði kastað trollinu aftur. Ákærði hefur neitað því að hafa sett niður fiskibaujuna, en hefur sagt, að það hljóti að hafa verið skip með radar, því að á henni hafi verið kúla til þess gerð að endurvarpa radarbylgjum, og segist einnig hafa byggt á því, að baujan hefði verið sett utan landhelginnar.

Stýrimaðurinn á Cape Cleveland hefur mætt sem vitni í málinu, og hefur hann borið þannig, að því er máli skiptir: Þegar hann var kallaður í brúna, reyndist fjarlægðin frá Málmei vera 4.7 sjómílur, mælt með radar. Þegar skipstjórinn tók áttavitamiðunina, stóð hann við stýrið og stýrði, og hafi hann tekið þátt í miðun skipstjórans. Varðandi niðurstöðu af staðarathugunum skipstjórans sagði hann, að skipstjórinn hefði sagt, að skipið væri utan landhelgislinunnar, en hann hefði ekki tekið fram, hversu langt það hefði verið. Hefur stýrimaðurinn staðhæft, að hann álíti staðarákvörðun skipstjórans rétta, og sagðist styðja það með því, hversu radar-tækið væri öruggt.

Eftir að rannsókn málsins var lokið í gær, var rannsókn tekin upp aftur í dag, og gerði ákærði þá nokkra leiðréttingu á staðarmælingu sinni. Hann kveðst hafa treyst á minni sitt varðandi staðarákvörðun þá, er hann hefði gefið í réttinum í gær, en hún hafi ekki reynzt alveg rétt. Sýndi hann nú í réttinum miða með þessari staðarákvörðun:

Drangey S.S.W.

E. end Malmey S.A. x S $\frac{1}{4}$ S.

og sagði, að miðað hefði verið við miðja Drangey. Staðhæfði hann, að þetta væri í samræmi við athugun sína, og að hann hefði skrifað þetta niður strax að henni lokinni. Þessa mælingu hefur ákærði sett út á rskj. nr. 3, og sýnir hún baujuna alveg um landhelgislinu. Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi farið inn fyrir baujuna rétt nægilega til að athafna sig, og hefur gízkað á, að hann hafi verið um 200 metra innan við hana, þegar hann byrjaði að kasta trollinu, en tók fram, að erfitt væri að ákvarða þetta með neinni nákvæmni, og sagði, að ef baujan væri á landhelgislinunni, hefði hann kastað eitthvað innan við hana.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir réttinum, að nægilega sé sannað sumpart með játningu ákærða og ófullnægjandi mótmælum hans svo og með mælingum yfirmanna varðskipsins, að ákærði hafi verið að veiðum með botnvörpu innan landhelgislinunnar mánudaginn 15. þ. m., kl. 3.37, er varðskipið Óðinn kom að b. v. Cape Cleveland, H 61, frá Hull, og þykir rétt að leggja staðarákvörðun yfirmanna varðskipsins til grundvallar þannig, að togarinn hafi verið 0.4 sjómílu inni í landhelginni. Samkvæmt þessu telur rétturinn, að ákærði hafi brotið í bága við ákvæði 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. 3. gr. sömu laga, og lög nr. 4 1924.

Með hliðsjón af núverandi gullgildi íslenzkrar krónu, 13.533, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dómsins.

Allur afli og veiðarfæri í togaranum Cape Cleveland, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgisgjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, George W. Thompson, greiði kr. 80.000.00 í sekt til Landhelgisgjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Cape Cleveland, H 61, er gert upptækt til sama sjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1951.

Kærumálið nr. 24/1951.

Gísli Halldórsson

gegn

Sigríði Einarsdóttur.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru, dags. 10. september þ. á., er hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði upp-kveðnum í fégetarétti Reykjavíkur hinn 7. september þ. á., en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frekari frest í máli aðilja. Sóknaraðili, sem hefur lagt fram nokkur ný skjöl máli sínu til stuðnings, krefst þess, að umræddur frestur verði veittur og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.